

Einar E. Sæmundsen.

DAGBÓKARSKÝRSLA SUMARID 1923.

Dagbókarskýrsla sumarið 1923.

=====

Starf mitt þetta vor byrjafi með því að daganna 5, 8, 12 og 18. júní afhendi ég af geymsluplássi skógræktarinnar, girðingarefni það, er sent var í hina fyrirhuguðu girðingu í Þórsmörk, en flutninginn austur að Litlu-Þverá í Fljótshlíð hafði Óskar Thorarinsen tekið að sér. 13. júlí sá ég um flutning á ýmsu dót af afgreiðslu Bergensfélagsins og upp í skúr og útvegaði um sama leyti mann til þess að vinna í Tjarnargarðinum og gróbursetti þar með honum, myltuber og tåtuber, sem komið höfðu frá Noregi.

Þórsmerkurför hinn fyrri

=====

19 júní þriðjudagur

Fór ég í bifreið frá B.S.R. austur að Ölfusá. Þaðan símaði ég austur að Hemlu og lét koma þeim orðum til Guðna bónda á Uxahrygg að koma með Hauk á móti mér á að Þjorsárbrú daginn eftir, en hjá Guðna hafði Haukur verið í fóbri um veturinn. Í Laugardælum átti ég að taka hesta skógræktarinnar og ríða þeim austur að Þjótanga þar sem ég var nóttina.

20. júní, miðvikudagur

Þótti mér of langt að bíða eftir Guðna, svo ég fékk Eggert son Ólafs læknið til þess að reíða mig á þeim rauðu eitthvað á móti honum. Mættum við Guðna við Steinslæk og sneri Eggert þá aftur með hestanna. Var Haukur hálfhaltur, svo ég treysti honum tæplega einum inn í Hlíð. Var ég svo heppinn að finna Einar á Geldingalæk við Rangá og falað hest af honum inneftir. Lét hann það falt, en koma yrði ég þá heim og varð það að samningum. Sagði Einar mér að verið væri að fleyta þennan dag í Rangá. Lék mér þá hugur á að sjá það, svo ég fékk Einar til þess að reíða mig uppeftir. Þegar að Þinghólum, eða þangað uppeftir, kom, voru þeir fyrir Þorsteinn og Oddur á Heiði. en lítið eitt komið af viðnum, enda stormur mikill og kalsaveður. Reíð ég svo til baka að Geldingalæk og var þar um nóttina.

21. júní fimmtudagur

Fór ég frá Geldingalæk og lánaði Einar mér hest. Kom ég við á Breiðabólstað, en Óskar ekki heima, og engan hægt að finna er nokkuð vissi um girðingaefnisflutning. Stóð ég við á Qnaðinu dálitla stund, hafði hestaskifti og fór, enda var mér enginn beini boðinn. Eftir skamma hríð mætti ég Einari hreppstjóra á Barkastöðum og áttum við tal á man um girðinguna. Taldi Einar

að Hlíðarmenn myndi ekki hætta við útigöngufé í Þórsmörk, þó að girðingin kæmi að norðan verðu., þessvegna yrði líka að girða að framanverðunni. Þegar að Múlakoti kom var Árni að búa sig inn á Þórsmörk til skógarhöggs, strax með næsta morgni. Sagði hann mér að einn maður aðeins hefði gert eina ferð inn í Hamraskóga með giðingaeefni. Nú vildi þeir sem tekið hefði að sérflutninginn, fara inn eftir áður og fella skóg, sem þeir gætu svo flutt á hestunum til baka. Vildi Árni að ég kæmi með sér, enda myndi ekki af veita okkur báðum að hafa eftirlit með jafnmörgum mönnum.

22. júní, föstudagur

Fór ég ásamt Árna og 12 mönnum inn á Mörk og var höggið í Stóraenda. Var unnið að skógarhögginu fram til miðnættis (3 menn farnir á umdan) og áætlað að feldir hefði verið allt að 100 hestburðum og borið saman. Varð ég svo Árna samferða að Múlakoti.

23. júní, laugardagur.

Beið ég fram eftir deginum eftir Úlfari í Fjótssdal en af honum keypti ég fola, efnilegt gæðingaeefni. Hélt svo af stað. Í Hvolsvelli lagði ég á þann jarpa, folann sem ég keypti en leikslökin urðu þau að folinn sleit alltaf sér, fleygði mér af baki, en ég fór úr liði á þumalfingri vinsri handar. Var ég samferða fólki er var á leið til Reykjavíkur. Reið þá einn maðurinn með mér upp að Stórólshvoli. Var lækurinn ekki heima, en kona hans sem er lærð hjúkrunarkona kippti í liðinn en fannst samt að eitthvað myndi hafa brákast meira og lagði eindregið að mér að finna lækurinn, sem væri nýriðinn upp að Reynisfelli og ætlaði að vera þar nóttina, því hann vissi betur hvort hér væri meira á ferðinni en venjulegt liðhlap. Hefði legið beinast við að ríða þaðan beint að Reynisfelli, enda styttra, en nú gat ég það ekki. Hafði ég sent lausu hestana út að Rangá og þangað varð ég að fara. Þar skildi ég við samferðafólkið og hélt svo upp Rangárvelli. Bólgnaði hendin öll, enda átti ég bágð með að teyma lausu hestana. Fór ég því heim að Minna-Hfi og fékk Ingvar son bóndans til þess að fylgja mér uppeftir. Héldum við svo að Reynisfelli og hittum lækurinn. Hélt hann fingurinn aðeins úr liði, en gæti þó ekki fundið það til fulls, bólgan væri svo mikil. Batt hann um meiðslin og hvað það myndi duga til Reykjavíkur, en hafa yrði ég hendina í fatla og alls ekki reyna á hana. Fór ég svo að Geldingalæk til að skilja hestunum og fylgdi Ingvar mér. Var komið fram yfir miðnætti og allfr í fasta svefni. Vorum við þar nóttina.

24. júní, sunnudagur.

Fór ég frá Geldingalæk einn míns liðs. Reið ég Hauk en batt tauminn á folanum við tauminn á Hauk og fór það vel. Íholtunum náði mér Ásgeir Jónsson, verkfræðingur hjá Jóni Þorlákssyni og urðum við síðan samferða. Hesta skógræktarinnar tók ég við Þjórsárbrú, og hélum við Ásgeir að Ölfusá um kvöldið. Þar var ég nóttina, en Daniel sá um hestana.

25. júní, mánudagur.

Beið ég fram undir hádegis ef ske kynni að ég fengi samfylgd, því geigur var í mér að leggja einn af stað með jafnmarga hesta og vera alveg handlama, því ekki gat ég sjálfur haft hestaskifti. Var ég líka það heppinn að þangað bar mann með 3 til reiðar er var á suðurleið. Slóst ég þá í för með honum og komum niður að Ellibaám kl. 9 um kvöldið. Þar var margt manna fyrir á skeiðvellinum að æfa undir vebreiðarnar. Kom ég hestunum í girðingu, sem félagið hafði fengið hjá Þorgrími í Laugarmesi, til þess að hafa í vebreiðahestana og hélt svo í bifreið til Reykjavíkur. Var þessari ferð lokið og höfðu til hennar gengið 7 dagar.

21. júlí,

Afgreiddi ég girðingarefni með s/s Esju, sem sent var Jónasi Bergmann, Norðurmýri pr. Blöndósi.

Þórsmerkurferð hin síðari
=====

15. ágúst, miðvikudagur.

Að áliðnum degi lagði ég af stað úr Reyjavík og hélt í áfanga austur að Ölfusá. Þangað kom ég fyrir fótaferð.

16. ágúst, fimmtudagur.

Dvaldi þar fram eftir deginum. Beið eftir Eiríki Bankastjóra allangan tíma, en við hann átti ég erindi, hélt ég svo að Þjótanda og hvíldi mig þar fram yfir lánætti.

17. ágúst, föstudagur.

Laust fyrir átta lagði ég af stað frá Þjótanda og hélt austur um . Neðan við Teig í Fljótshlíð þarvið veginn reið ég fram á þá Magnús og Þorstein er voru þar að búa upp á hesta, flutning þann, sem fara átti inn á Mörk. Var svo haldið alla leið um daginn inn á Mörk og seint um kvöldið slegið tjöldum í Húsadal.

18. ágúst, laugardagur.

Fór ég með Skógræktarstjóranum að athuga girðingarleiðina frá Hamraskógum og upp að Rjúpnafelli.

19. ágúst, sunnusagur

Héldum við kyrru fyrir í Húsadal, nema hvað ég skrapp með ferðafólki inn í Stóraenda.

20. ágúst, mánudagur.

Kom Árni í Múlakoti til þess að sækja okkur. Athuguðum við syðri girðingarleiðina með honum og fundum hana góða. Héldum við svo af stað og komumst yfir vötnin í Húsadal. en það munaði miklu. Að Múlakoti héldum við um kvöldið.

21. ágúst, þriðjudagur.

Héldum við Skógræktarstjórninn frá Múlakoti og urðum samferða út að Teigi. Þar átti hann hjól sitt. Áður en við skildum varð það að ráðun að ég legði leið mína um Laugardal og athugaði girðinguna þar í þessari ferð. Sömuleiðis að ég fyndi Þingvalla-
prestinn sr. Guðmund Einarsson, og leiðbeindi honum um skógarhögg en þess hafði prestur óskað.

Hélt ég nú sem leið liggur að Garðsauka og símaði þaðan til konu minnar. Fékk ég þar fregnir af henni að hún væri í rúminu, og dóttir okkar lka lasin. Sá ég þá að heimilisástæburnar myndu ekki góðar og hafði allan hug á að komast sem fyrst suður helst í bifreið og skija hestana eftir. Tókst mér um kvöldið að ná í sæti í bifreið á Þjórsártúni. Sendi hestana yfir að Þjótanda og hélt svo suður um nóttina. Höfðu þá til ferðarinnar gengið 7 dagar.

Laugardalsför & Þingvalla

=====

25. ágúst, laugardagur.

Lagði ég af stað í bifreið austur að Þjótanda og hafði son minn með mér. Þar vorum við nóttina.

26. ágúst, sunnudagur.

Um kyrrt á Þjótanda.

27. ágúst, mánudagur.

Fórum við feðgarnir sem leið liggur, yfir Hvítá áferju í Árhrauni, og þáan upp að Laugarvatni um kveldið.

28. ágúst, þriðjudagur.

Um kyrrt á Laugarvatni .

29. ágúst, miðvikudagur.

Gekk ég með allri girðingunni og var hún í bezta lagi enda veturinn svo snjólettur eins og kunnugt er. Fór ég svo að Hjalmsstöðum og athugaði garðinn á Snorrastöðum um leið. Á Hjalmsstöðum vorum við nóttina.

30. ágúst, fimmtudagur.

Fór ég upp að Laugardalshólum og athugaði garðinn þar og í Miðdalskoti.

Um garðanna er það að segja að þeir standa allir vel en beztir eru þeir á Hjalmsstöðum og Snorrastöðum, enda langbezt skjólið þar. Þykir að görðunum hin mesta bæjarprýði enda eru þeir allvel hirtir. En þó vanta samt fleiri tré, einkum reynir. Ein reyniviðarplanta á Hjalmsstöðum hafði vaxið um 10" og virtist þroskavænleg, birkiplönturnar, (hnausplöntur úr skóginum) sumar lífvænlegar og hafa byrjað að skjóta góðum teningum frá rótunum. Virðist áhugi þessara ungmenna sem komu görðunum upp í bezta lagi, og fjölga mun þeim, hinir bæirnir koma á eftir. Til þórarins málara kom ég, en hann hefir reist sér mjög smekklegan sumarbústað á Laugarvatni. Hefir hann svæði allstórt kringum húsið, sem hann hyggur að fegra og prýða á alla lund og það þegar á næsta vori. Lofaði ég honum liðsinni mínu ef hægt væri. Á Hjalmsstöðum vorum við nóttina.

31. ágúst, föstudagur.

Héldum við út að Laugarvatni og vorum þar nóttina.

1. sept. laugardagur.

Vorum við veðurtepptir á Laugarvatni. Úrhellisrigning með stormi og treysti ég ekki dreggum út á Þingvöll.

2. - 3. sept. sunnudagur og mánudagur.

Hélt sama veðrið og ég hreyfði mig hvergi.

4. sept. þriðjudagur.

Var nú skaplegt veður en þó með skúraleiðingum. Héldum við samt út á Þingvöll og fengum sæmilegt. Var séra Guðmundur úti á heiði við heyskap og ekki buist við honum fyrr en að 3 dögum liðnum. Sá ég því að ekkert var að gera að svo stöddu. En Jóhann í Skógarkoti talaði mjög nauðsynlegt að ég gæti verið við skógarhögg þar í hauginu í haust og þá bezt að koma austur í réttina fyrstu. Þar yrðu allir saman-
komnir, sem þetta mál snerti og aldrei betra að taka ákvörðun um til-
högun grisjunarinnar, enda ekki hægt við því að snúast að sinni. Hét
ég aðstoð minni ef ekki kámi í bága við aðrar ráðstafanir. Vörum við
svo í Skógarkoti um nóttina.

5. sept. miðvikudagur.

Héldum við niður yfir heiði og til Reykjavíkur. Skyldi ég hestana
eftir á Tungu.
Í för þessa tel ég að hafi farið 5 dagar. Að ég var lengur var vegna
drengsins sonar míns, sem ég varð að taka tillit til, og fór því
hágra yfir.

Þingvellir.
og dvöl þar í sveitinni við skógarhögg

16. sept. sunnudagur.

Þjó ég mig til Þingvalla. Þurfti ég ýmislegt að snúast, ná í klippur
og koma þeim í bifreið hjá Magnúsi Skaftfeld, sem gerði ráð fyrir að
fara um kveldið austur í réttirnar. Varð ég því síðbúnánn, eða kl.
nærri 5, er ég fór frá Tungu en þar voru hestarnir mínir geymdir.
Atlaði ég samt austur um nóttina, en upp undir Borgarhólum þar sem
ég var að hafa hestaskifti, missti ég fólann frá mér út í myrkrið og
náði honum ekki. Var ég að snúast við hann lengi kvöldsins og gat að
lokum flæmt hann niður á tún í Miðdali, var þá komið rok og leiðinda-
veður, svo ég tók það til ráðs að hvíla þar, þangað til birtu.

17. sept. mánudagur.

Hélt ég austur á Þingvöll og í réttirnar, hafði þar tal af bændum
og varð þess vís að enginn gæti sinnt mér fyrr en í fyrsta lagi á
miðvikudag. Fór ég þá með Böðvari á Laugarvatni, er þar var staddur
að sækja fé en illa mannaður, og rak með honum austur í Dal. Var ég
á Laugarvatni um nóttina.

18. sept. þriðjudagur.

Laugarvatnsréttir. Komu að Laugarvatni flestir bændur og skýrði ég þeim frá að ég myndi geta upp úr 20 okt. verið við skógarhögg þar í dalnum og létu menn vel yfir því, enda væru aðrar haustyrkjur og ferðalög ekki um garð gengin fyrr en þá. Fór ég svo út að Skógarkoti um kveldið og var þar nóttina.

19. sept. miðvikudagur.

Var ég í skógi með drengjum Jóhanns, en rigning talsverð svo minna varð ur verki en skyldi. Skrapp ég út að Þingvöllum fyrir rökkrið að forvitnast um klippurnar. Var séra Guðmundur ekki heima (báðir prestarnir niður í Kjós) en von á honum um kveldið. En klippurnar voru ókomnar og enginn bíllíkomíð frá Magnúsi Skaftfeld.

20. sept. fimmtudagur.

Fór ég með séra Guðmundi og tveimur húskörlum hans upp undir Sigurðarsel og grisjuðum við þar. Höfðum slæm tæki, svo okkur sóttist seinna. Fór ég að Þingvöllum um kveldið og reyndi séra Guðmundur, sem er smiður góður að bæta um verkfærin. Símaði ég til Einars á Kárastöðum að reyna að ná í klippur mínar hjá Magnúsi, og lofaði hann góðu um það.

21. sept. föstudagur.

Fór ég eldsnemma með húskörlum prests og grisjuðum við á sömu stöðum. En hætta urðum við um hádegis, því seinni hluta dagsins var sr. Jóni haldið kveðjusamsæti í Konungshúsinu og þangað fjölmennt, en þeir þáttakendur, mennirnir sem með mér voru. Klippurnar fékk ég seinni hluta dagsins og fór með þær að Skógarkoti, en þar var ég nóttina.

Skógurinn þar í kringum Sigurðarsel er víða sver og góður til eldiviðar. Mun hann þar einnar gildvaxnastur sem hann er þar í hrauninu. Eru það mest runnar misjafnlega stórir um sig, en afar þjettir. Eru margir runnar þessir gamlir að árum og ekki margir einstaklingar sem líklegir séu til frambúðar. En nauðsynlegt er að grisja þá og ekki vonlaust um að nýgræðingurinn komi þá í ljós, enda eru þarna margir smærri runnar all þroskavælegir. Sigurðarsel og skógurinn þar í kring liggur það fjarri Þingvöllum að þangað hefir mjög sjaldan verið sóttur skógur, eins og kunnugt er. En nú vill séra Guðmundur sækja þangað vegna vænleika skógarins. Og séra Guðmundur er áhugasamur um að notfæra sér skóginn á réttan hátt. Og hann vill láta allstórt svæði til friðunar eimmitt á þessum slóðum og virðist það að mörgu leyti vel fallið til þess að rækta þar beittiskóg. Vill nú láta allt svæðið frá þjóðveginum um brúnir og Sigurðarsel, en takmörkin að ofan er Hrafnagjá. Virðist mér að vel væri við þessu lítandi.

22. sept. laugardagur.

Vorum við Jóhann í skógi og sóttist okkur nú allvel, enda voru nú mínar klippur í takinu. Grísjuðum við í allgóbum skógi, stórvöxnum runnum, rétt austan við sauðahellir hans.

23. sept. sunnudagur.

Fór ég inn í Bolabás og athugaði um skógarupptökur þar af völdum Jóns a Brúsastöðum, sem nú hefir Svartagilið á leigu og tekur skóg þar. Er þar illa um gengið og vandaði ég um við Jóm, er lofaði betrun og bót og vildi fá mig einn og síðar. Annars ætlar sr. Guðmundur að banna honum skógarupptöku nema undir eftirliti, og jörðina tekur prestur í vor. Bolabás er alltaf jafnfallegur og nauðsynlegt væri að geta grísju- að skóginn sem allra fyrst þá myndi þarna verða fagurt um að lítast, og margir sumargestir þangað reika sér til skemtunar og gleðiauka. Athugaði ég skóginn með Ármannsfelli. Er hann allvíða þroskavænlegur, þéttur, ungur og beinvaxinn og sumir runnar um 5 - 6 álnir. En ekkert er hann högginn. Heyrir hann þingvöllum til og hefir þótt allanzt að sækja skóg, enda jafnan ráðist til skógarhöggisins sem næst bænum. En þetta breyttist nú að líkendum hjá nýja prestinum og nauðsynlegt væri að sýna þessum skógi einhvern sama, enda yrði þá víða fallett þar um slóðir. Kjarval málari slóst í þessa för með mér. sýndi ég honum Hafurmannafloð og Meyjasel og þótti honum mikið til þess koma. Að Skógarkoti hélt ég um kveldið og var þar nóttina. sak. þot

24. sept. mánudagur

Var ég með þingvallapresti og húskörlum hans tveim. Vorum við nú í Hallinum undir Hrafnagjá norðan við veginn. Er þarna heldur smár skógur. Gekk presti það til að þangað er styttra, og að vögnum má koma við, en leiðin upp að Sigurðarseli helmingi lengri. Mikið vildi prestur fræðast af mér um alla meðferð skógarins, Hann vill og nema til fulls alla rétta hirðingu skógarins svo hann geti kent mönnum sínum sjálfur. Er óvanalegt að hitta slíka áhugamenn og um leið ánægjulegt. Hann er og hinn mesti víkingur til vinnu og fygir mönnum, sum að hverju verki, en það er meira en flestir bændur gera, hvað þá prestar. Að þingvöllum fór ég um kveldið, símaði suður, og þar var ég nóttina.

25. sept. þriðjudagur.

Skilarétt og allir karlmenn þar, svo enginn fékst með mér í skóg. í Skógarkoti nóttina.

26. sept. miðvikudagur.

Með Jóhanni í skógi, en rigning og leiðindaveður, svo okkur varð ekki mikið að verki. Var ég í Skógarkoti nóttina.

27. sept. fimmtudagur.

Þéttarigning þegar um morguninn, en jókst til muna og þótti ekkert skógarveður.

28. sept. föstudagur.

Í skógi með drengjum Jóhanns, höfðum gott veður og gerðum mikið, enda skógurinn með því betra, sem þar er um að gera. Í Skógar-koti nóttina.

29. sept. laugardagur.

Fór ég að Hrauntúni og var með Halldóri bónda þennan dag. Grisjuðum við í Hrauninu vestan við Víðivelli. Eru þar strjálir runnar, gamlir og feysknir orðnir, en sverir nokkuð og góðir til eldiviðar. Eru þar á sumum stöðum runnar gersamlega fallnir og er mikið af feyskjum þeim, reitt heim að Hrauntúni arlega og þykir ágætur eldiviður. Hélt Jónas heitinn, faðir Halldórs að það væri af maðki að runnar þessir hefði kalið og fallið. Hafa víða verið brögð að því í Hraunsskógum austan og norðan við bæinn, en mjög óvíða annarsstaðar í hrauninu. Í Hrauntúni var ég svo nóttina.

30. sept. sunnudagur.

Rigning þennan dag. Fór ég út að Skógarkoti og var þar nóttina.

1. okt. mánudagur.

Fór ég út á Velli, þangað ætlaði Jón á Brúsastöðum að koma og fara með mér í Bolabás. En Jón gerði mér að, að hann ætti ekki heimgengt, væri mannlaus heima og geti hvorki sint mér þennan dag eða hinn næsta. Fór ég þá til Halldórs í Hrauntúni og grisjaði með honum þennan dag og vorum við norðaustar er áður eða rétt austan við Víðivelli. Ætlaði Halldór Heiðarbæjarbændum skóg þennan, en vill enginn koma upp á annað en taka upp nokkurn skóg og ætti svo alstaðar að vera.

Lét ég þar með lokið grisjun minni og eftirliti í Þingvallarhrauni þetta haust, enda þorði ég ekki að vera lengur vegna Skriðufellsfeððarinnar. Síðar frétti ég að viður sá sem ég hefði losað hefði reynt svona við heimreiðslu:

Á Þingvöllum	45	hestb.	
í Skógarkoti	85	"	
í Hrauntúni	18	"	
	<hr/>		<u>148 hestb.</u>

Í Skógarkoti var ég nóttina.

2 okt. þriðjudagur.

Lagði ég á stað úr Þingvallasveit og niður með Sogi að Ölfusá. Þótti mér betra að eiga hestana geymda þar, heldur en að flækjast með þá suður. Var ég svo í Tryggvaskála um nóttina og hafði hestana inni.

3. okt. miðvikudagur.

Kom ég hestunum að Laugardælum og í geymslu þar á meðan ég tefði fyrir sunnan. En sjálfur komst ég í bifreið og þaut svo vestur um og var þá þessari ferðinni lokið.

Hafði ég þá verið að heiman alls 18 daga.

Þjórsárdals- og Laugardalsför og dvöl þar.

9. okt. þriðjudagur.

Fór ég með bifreið austur að Húsatóftum á Skeiðum. Daginn áður hafði ég beðið Loft ráðsmann á Hæli að taka hesta mín í Laugardælum og voru þeir fyrir á Húsatóftum, er ég kom þangað. Beið ég þar eftir Páli á Ásólfstöðum, er var á eftir í öðrum bíl. Kom hann um kveldið í ljósaskiftunum og hélt hans bíll áfram að Sauðslæk og þangað reið ég. Héldum við svo Páll frá Sauðslæk um háttatíma og héldum upp að Ásólfstöðum. Var brunagaddur um nóttina og og urðum við stundum að ganga til þess að halda á okkur hita. Náðum við heim laust fyrir fótaferbartíma.

10. okt. mánudagur.

Skrapp ég að Skriðufelli að vita hvernig þar stæði á. Var Sæmundur aðeins nykominn heim úr suðurförinni og einn heima af karlmönnum, Ólafur í Bakkaferði og Jjóhann á fjalli. Hafði Sæmundur tryggt sér mann frá Þjórsárholti til skógarhöggs en hann ókominn. Sagði Sæmundur mér að margir skógamenn hefðu komið á meðan hann var í suðurförinni og þeim vísað flestum inn fyrir girðingu en nokkrum í Selhöfða. Hefðu þeir verið látnir sjálfráðir um skógarhöggið, vegna mannfæða þeirra á Skriðufelli, svo búast mætti við að ekki væri alstáðar sem best gengið um. Fór ég svo yfir að Ásólfstöðum og var þar nóttina.

11. okt. fimmtudagur.

Var ég í skógi og Þjórsárholtismaðurinn með mér. Vorum við í brekkunni niður undir Hvammnesá í svo kölluðum Gvendarrana. Kom einn maður til okkar og fékk hann skóg á 5 hesta.

12. okt. föstudagur.

Fyrri hluta dagsins grisjuðum við enn á sama stað en vorum í Vatnsás seinni hlutann. Um kveldið fylltist svo af skógamönnum á Skriðufelli að ég fór til Ásólfstæða til grisjingar.

13. okt. laugardagur.

Grisjuðum við til og frá um Vatnsás og vorum 4 - 5 klippur í gangi allann daginn, því þeir feldu líka undir eftirliti mínu, sem skóginn sóttu.

Þennann dag voru fluttir burtu.

Af Þjórsárholtsmönnum		8 hestb.	
" Skeiða	" "	9 "	
" Skaftholts	" "	5 "	
" Háholts	" "	5 "	
" Haga	" "	5 "	32 hestb.

Auk þess grisjuðum við Sæmundur fyrir heimilið, allvænan skóg til eldingar.

14. okt. sunnudagur.

Skruppum við Sæmi í skóg með Sophúsi í Glóru og grisjuðum handa honum á 3 hesta. Riðum við svo inn um Selhöfða að líta á upptökur. Var þar víða of mikið tekið og það eitt skilið eftir, sem einskis nýtt er, og aldrei verður að skógi. Eru þetta verksummerki skógamannanna. Þeir koma stundum þegar enginn karlmaður er heima og er þá vísað í skóginn og alltaf þarna inn eftir. Og stundum eru þeir svo margir að þó að karlmaður sé heima kemst hann ekki yfir að líta eftir þeim. Allir þykjast þurfa að flýta sér sem best og ráðast því á bestu hríslurnar, enda fljótast að fá í hvern baggann af þeim. Sæmundur kvartaði mikið yfir þessum aðförum, en hann eða Skriðufellsmenn gætu ekki við neitt ráðið. Það væri orðið vani vegna margra ára meinleysis. Enda er mikill munur að sjá frágang þeirra bræðranna. Sæmundur syndi mér marga bletti, sem þeir hafa grisjað og gert það þryðilega. Það eru víst ein 7 - 8 ár síðan ég var með þeim fáeina daga og er sá blettur orðinn ljómandi fallegur. Og hann hefir verið þeim fyrirmyndin, síðan hafa þeir reynt að líkja eftir honum. Ég benti á það fyrir nokkrum árum að nauðsynlegt væri að selja allan skóg upptekinn á Skriðufelli og að því ætti nú að vinda bráðan bug. Það getur ekki lengur gengið að láta skógarmennina sjálfráða. Væri því gott til þess að byrja með ef að skógarhöggsmennirnir gætu t.d. verið þar viku eða hálfan mánuð einhverntíma næsta sumar. Með því kæmist góður rekspölur á málið.

15. okt. mánudagur.

Var ég í Vatnsás og þeir bræður með mér, Sæmundur og Jóhann. Komu menn frá Þjórsárholti (8 hesta) og Geldingarholti (5 hesta) og fengu þeir hjáþokkur 13 hestburði. Að öðru leyti grisjuðum við til heimilisþarfa stóran skóg og smærri handa þeim er síðar kæmu.

16. okt. Þriðjudagur.

Smaladagur og rigning en ég svo kvefaður að ég lá mest fyrir.

17. okt. miðvikudagur.

Rosaveður og lá ég bælinu, mjög slæmur. Enginn í skógi, enda Sæundur að slátra heima og Jóhann í rétt.

18. okt. fimmtusagur.

Vorum við Sæundur nokkura stund í skógi, Jóhann öðru að sinna.

19. okt. föstudagur.

Fóru þeir bræður báðir í eftirleit fyrir Flóamenn. Beið ég heima fram yfir hádegi ef einhver kymmi að koma í skóg, því sjálfráður átti hann ekki að vera. En enginn kom. Fór ég þá yfir að Ásólfstöðum að hitta Þál, sem kom þennan dag úr þingamálafundá-leiðangri sínum. Um kveldið kom Skógræktarstjórinn og vorum við báðir á Ásólfstöðum nóttina.

20. okt. laugardagur.

Fór ég með skógræktarstjóra inn í Búrfell. Ríðum við um á Skriðufelli og svo inn um Selhöfða. Sýndi ég honum frágang skógarmannanna, sem er getið um hér að framan. Um Búrfellsskóg fórum við lítillsáttar, ætlum þar að sjá frágang skógarmanna á þessu hausti en fundum ekkert. Er skógurinn afar þéttur og full þörf að grisja hann. Enda kvarta menn um að illfarandi sé um hann og alls ekki hægt að smala hann sauðlausan í fyrstu leitum. Fór þessa fórum við aðallega til þess að athuga um fleytingu og ríðum svo fram með Þjórsá. Virði ist allt benda til að fleyta megi úr Búrfelli með góðum árangri fram á milli Bringu og Gaukshöfða, en þar fellur áin öll að vesturu landinu, svo mjög auðvelt er að ná viðnum þar á land, þaðan liggur svo ákvægur niður um allan Hrepp. Myndi því þetta verða mikið hagræði fyrir Hreppamenn. Á heimleiðinni komum við í Vatnsás og fórum um svæði það er ég hafði látið grisja á þessu hausti. Einnig sýndi ég Skógræktarstjóranum róf eitt eða skarð með sanduppblæstri ofarlega í Vatnsás og kom okkur saman um að nauðsynlegt væri að gera við það þegar í haust (láta við í það) því af því gæti mikil hætta staðið. Fórum við svo að Ásólfstöðum og vorum þar nóttina.

27. okt. sunnudagur.

Fóru þeir báðir Skógræktarstjórnirinn og Þáll, en ég sat eftir. Skrapp þó yfir að Skriðufelli til þess að ná í klippurnar, því á Ásólfstöðum ætlaði ég að grisja næsta dag.

22. okt. mánudagur.

Fór ég inn í Ásólfstaba-skóg og með mér einn af húskörlum bónda. Grisjuðum við í svokölluðum Leitum og er það innsti og fjarsti hluti skógarins. Er hann þéttur þar víða, aðalgóður og margi hríslur ljómandi fallegar. Einkum er það þó í brekkunum upp frá Hvamms-á. Hefir snjórin verið hann svo og hitt, að þetta liggur það fjarri bænum að þangað er aldrei beitt á skóg í harðindum.

23. okt. þriðjudagur.

Enn að grísa á Ásólfstöðum og áætluðum við um kveldið að þá myndu vera feldir 35 hestburðir. Verðum við að fella braut til þess að hægara yrði að ná skóginum, þegar reitt væri heim.

24. okt. miðvikudagur.

Smaladagur og engir í skógi. Fór ég því dálítið meira um Ásólfstaba-skóg. Því ég hefi ekkert um hann farið áður. Það hefir alltaf verið svo lítið af honum látið og hann talinn svo sem einskis virði. En mér kom hann þó dálítið öðruvísi fyrir sjónir. Skógurinn allur er töluvert meiri en ég hefði gert mér í hugarlund hann leynir svo á sér og miklu betri, sumt af honum, heldur er mér hafði nokkru sinni verið sagt. Að vísu er allur skógurinn næstur húsunum, eða inn að svonefndri Hlíðartorfu lágur og kræklóttur eða einu nafni beitarkjarr, enda neyðist bóndinn til að beita land þetta miskunnarlaust þegar mikil harðindi eru. Og veturinn 1920 var það skógurinn sem bjargaði. Þó eru sumstábar allháar hríslur og ekkert kjarr í kring. eru þar orðnar æfagamlar og svo helgar að það má ekki hreyfa enga á þeim. Hlíðartoffa er ítak frá Hlíð og samilegur skógur, þéttur sumstábar, en hefir verið illa högginn. Þangað sækir hreppstjórinn í Hlíð árlega.

Þar fyrir innan byrja svo aðalskógurinn og er Leitum, sem áður er nefnt, fegursti hluti hans. Allur þessi skógur stendur til mikilla bóta væri hann grísaður, enda hefir Páll, eftir veru mína þarna mikinn áhuga fyrir því að svo megi verða. Hann hefir síðan hann tók við jörðinni ekki lánað neinum skóg, haldið jafnvel að hann mætti tæplega höggva til eiginþarfa eins mikjó og hann gæti þó komið í lóg að brenna. Nú fullvissaði ég hann um, að hann mætti ekki einungis höggva allt sem hann gæti brennt, heldur gæti hann að skaðlausu hjálpað náunganum annað eins. En vitanlega ~~skkkk~~ ~~ng~~ ~~skkk~~ ~~skkkkk~~ verður að grísa, enda er ekki hætt við að Páll láti sér ekki farast það myndarlega eins og allt annað sem hann gerir.

25. okt. fimmtudagur.

Voru þeir ~~skkkkkkkkkkk~~ heimkomnir úr eftirleitinni, Skriðufellsbræður og var Jóhann með mér í Vatnsás. Afhentum við manni frá Mástungum 5 hestburði.

26. okt. föstudagur.

Fóru þeir bræður með Flóamanni til þess að ljúka við afréttargirðinguna austur á söndunum. Var ég því einn í Vatnsás þennan dag og grisjaði aðallega í sandrofið, sem áður er nefnd.

27. okt. laugardagur.

Kosningardagurinn og fóru allir karlmenn á kjörfund fram að Stóra-Núpi. Komu menn frá Mástungunum báðum og fór ég með þeim inn fyrir girðingu og grisjaði þar með þeim á 8 hesta. Var þar inn frá víða ljótur frágangur bæði frá þessu hausti og lengra frá, enda hefir Ólafi verið ósart um þetta tóm þarna utangirðingunna og stæði á sama þó að skógurinn yrði upprættur. En þarna er allgóður skógur samt og gæti orðið mjög laglegur, enda sjálfsagt að grisja. Yrði skógurinn upprættur yrði þar engin gróður, því svo er þar grunnt á grjóti.

28. okt. sunnudagur.

Fór ég með bræðrunum niður í Vatnsás og byrjuðum við að stinga hríslum niður í rofið, sem ég hef áður minnst og hlaða böggum þvert yfir að ofanverðu. Lukum við því ekki, en vorum samt það langt komnir að þeim bræðrum veitist létt að ljúka því sem eftir er.

29. okt. mánudagur.

Byrjuðu þeir að reiða heim á Skriðufelli, og reiddu þennan dag 30 hestburði, en ég grisjaði á milli að ég hjálpaði þeim svo ekki stæði á bindingunni.

30. okt. þriðjudagur.

Haldið áfram að reiða á Skriðufelli og reiddar þennan dag 25 hestburði og grisjuðum við Sæmundur þegar á milli varð. Seinni hluta dagsins grisjaði ég svonefndan Stórarunna, sem heyrir Ásólfstöðum til og liggur niður Hvammá þeim megin. Hefir hann notið hinnar sömu helgi og gömlu hríslurnar víðsvegar um beitiskóginn, að aldrei hefir verið tekin hrísla úr honum. Nú grisjaði ég hann og dálítið þar í kring og áætluðum Stefán gamli, sem var með mér, að það myndu vera um 5 hestburðir.

Og var þar með lokið grisjun minni og eftirliti í Þjórsárholti á þessu hausti, því næsta dag ætlaði ég að hverfa þaðan á braut. Hafði þá verið grisjað þennan tíma sem hér segir:

Á Skriðufelli fluttur burt	66 hestburðir	
Til heimanotkunar	60 " "	126 hestburðir
Á Ásólfstöðum áætlað	-----	40 " "

		Alls: 166 " "

31. okt. miðvikudagur.

Hélt ég frá Ásólfstöðum og varð Páli samferða, En Páll hafði svo lengi á Stóra-Núpi að við komumst ekki lengra en að Geldingaholti og vorum þar nóttina.

1. nóv. fimmtudagur.

Héldum við Páll niður að Ölfusá, komumst í bíl á Skeggjastöðum, en maður með vagn tók hestana. Símaði ég að Hemlu til þess að vita hvort þangað væri komin nokkur vitneskja frá Guðna á Uxahrygg um það að taka af mér hestana í vetur. Kvaðst Ágúst búast við því að Guðni myndi taka þá, þó hann hefði ekki sagt sér, en Guðni yrði ef til vill á fundi við Þjórsárbrú á laugardaginn og gæti ég þá fundið hann að máli. Þótti mér þá vænkast ráðið og best að fara austur að Brú. Gæti ég þá einfaríð upp úr Iðu, en yrði einum degi seinna á ferðinni. Var ég svo í Tryggvaskala nóttina.

2. nóv. föstudagur.

Brá ég mér austur að Þjórsárbrú og var þar nóttina. Seinni hluta dagsins þyngdi í lofti og byrjaði að slíta úr honum og um nóttina alsnjóaði.

3. nóv. laugardagur.

Alhvít jörð þegar komið var á fætur og hörkufrost. Beið ég þangað til að fundarmenn voru kómnir (þetta var Ingólfsfundur) en Guðni kom ekki, svo ég hafði ekkert upp úr þessu, Leist mér nú ekki ráð að fara upp að Iðu, því þar gæti ég tepst vegna ísskriða í ánni, en krókur mikill að fara upp á Brúarhlöð. Himsvegar ef hann væri að skella yfir með harðindi og snjó, þá til lítils að fara upp í Laugardal. Tók ég því það ráð, að halda út í Skála og sjá hverju fram yndi til morguns. Frá Skeggjastöðum var versti norðanbylur, sem lögði þó um kveldið. Var ég svo í Skálanum um nóttina.

4. nóv. nánudagur.

Símaði ég til konu minnar því ekkert hafði ég af henni frétt síðan ég fór og lét hana vita hvað mér líðið Hélt ég svo af stað uppeftir var veður hið besta, en mikið frost. Var orðið illt að ferðast flatjárnab, enda heltist Haukur og Kendi ég því um, að hann hefði misstigið sig á hákunnni. Etláði ég að fá skaflajárn á Borg, en þau engin til nogu stór, svo þá varð að treysta á Laugardælinga, ef ekkð hlánáði aftur. Upp að Laugarvatni komst ég um kveldið og var þar nóttina.

6. nóv. þriðjudagur.

Var smaladagur og besta veður frostlaust og milt. Fórum við Böðvar inn í girðingu og smöluðum hana. Hafði allmargt fé runnið ofan af fjallinu eftir að fór að snjóa og staðnæmst í girðinunni. Rákum við út úr henni 26 kindur en misstum fáeinar. Ekki var það mikill snjór í skógunum að vel mátti grisja ef ekki spilltist. Sagði Böðvar mér að flestir hefðu látið taka upp skóg og reiða heim, er það dróst að ég kæmi. Þó myndu allir vilja bæta við sig ef þess væri nokkur kostur, og ég hafa nóg að gera, snjóaði ekki meira. Á Laugarvatni var ég nóttina.

7. nóv. miðvikudagur.

Fórum við Böðvar enn austur í girðingu og hreinsmöluðum hana. Vóru það 4 lömb. sem eftir höfðu orðið og náðum við þeim. Síðan sýndi Böðvar mér takmörk þau er vera ættu á hinum fyrirhugaða beitiskóg. Um kveldið fór að snjóa til muna og um nóttina rauk hann á með storm og lamdi snjónum saman.

Um hinn fyrirhugaða beitiskóg er þetta að segja:

Böðvar vill láta girðingunna, sem þegar er komið og bæta við hana Lurkabrekkum öllum og vestur í Stekkatún. Er það allstórt svæði og drjúgur viðbætur, enda tekur hann sig ekki geta mist meira frá vetrabeitinni og mun það satt vera. Yrði þá líklega best að taka upp girðinguna í Stórhöfða (vesturálmunna) og flytja hana vestur í Stekkatún og hygg ég að nýja álman muni vart lengri en sú sem fyrir er. En svo er vitanlega opið að ofan verðu (fjallið) og þaðan kemur alltaf eitthvað fé á haustin, en úr því að hér er um beiti-land að ræða, ætti það ekki svo mikið að gera til. Yrði af þessu áskilur Böðvar að mega láta lambærnar í girðinguna strax og þær ur ull (það er ekki fyrr en eftir 15. júní) og hafa svo kvíærnar þar á sumrin og kýr og hesta seinni, part sumars og að haustinu á meðan gras væri nóg í skóginum.

Þegar við höfðum minnst á þetta fram og aftur spurði ég Böðvar hvar líklegt væri að fá annarsstaðar skóg til girðingar í þessu efni í Laugardal, en hann benti helst á Hóla, svo mér datt í hug ef ég kæmist þangað að athuga það.

8. nóv. fimmtudagur.

Ágætisveður. Fór ég um skóginn dálítið, en svo hafði snjóað og skelft kveldinu áður, að lítt mögulegt var að grisja. Hafði Böðvar og ekki nema sinn mann, og hann að leita að fé, svo ekkert varð af skógarhöggi þennan dag. Hélt ég þá að Hjálmsstöðum og ætlaði þá að reyna að fá skaflajárn undir hestana, því Böðvar átti ekkert. En Páll átti lítið annað en háflslitnarskeifur, sem gera mætti þó ~~me~~ góðar með því að fara með þær í smíðju, elðbera þær og slá þær fram. Á Hjálmsstöðum nóttina.

9. nóv. föstudagur.

Um kyrt á Hjalmsstöðum. Karlmenn allir að gá að kindum, því nú bjuggust menn að taka lömb. Um kveldið þyknaði hann upp og þiðnaði svo að sumir spáðu hláku.

10. nóv. laugardagur.

Var rigning þennan dag og leysti snjóinn til muna. Þó frysti hann með kveldinu. En það mikið hlánaði að vel mætti grisja. Fóru þeir allir Böðvar, Páll og Ingvar á Hólum (hreppsnefndin) fram að Borg á fund þar.

11. nóv. sunnudagur.

Var ég enn á Hjalmsstöðum. Rauk hann upp seinni partin ~~með~~ herti frostið og snjóaði, þó ekki mjög mikið.

12. nóv. mánudagur.

Skrapp ég í skóg með Grími syni Páls og grisjuðum við svolitið. En bæði var það að kjarrið var smátt og illt að komast að því vegna snjóarins, enda var eftirtekjan rír.

13. nóv. þriðjudagur.

Bjartviðri en mikið frost. Skrapp ég upp að Hólum að hitta Ingvar bónda. Þarvoru allir að snúast við fé og koma því að húsum, því nú átti að fara að halda því saman og gefa lömbum. Ræddi ég við Ingvar um beitiskóginn, og kvaðst hann myndi geta látið land ofan við þjóðveginn að merkjum Efstadals, en lét þó þess getið að því landi væri ekkert vatn í á þurkasumrum. Að vísu gæti girðingin náð dálítið niður fyrir veginn, en ekki svo langt að náð yrði í vatn. Var ég svo í Hólum og bjóst til að athuga þetta daginn eftir.

14. nóv. miðvikudagur.

Bjartviðri en 12⁰ frost. Fór ég að athuga land það er Ingvar var til með að láta, en leist þann veg á það að ekki myndi raðlegt að setja þar upp girðingu að svo stöddu. Landið fyrir ofan veginn helst til lítið, en hinsvegar illt að hafa jafn fjölfarinn veg og Geysisveginn í gegnum girðinguna. Þó er sjálfsagt að athuga þetta betur að sumarlagi.

Í Efstadal gæti náttúrulega verið að tala um að fá allt Hvarfið og Kálfakinn inn með Brúará. Er það stórt svæði og allgóður skógur þar víða. En girðing þar myndi bæði löng og dýr og erfitt að setja hana upp. En að Efstadal fór ég ekkert, sá ekki ástæðu til að fara að ræða þetta við Ásmund gamla að þessu sinni. Var ég svo í Hólum nóttina.

15. nóv. fimmtudagur.

Var en bjart veður og frost, en þó mildara en daginn áður. Fór ég í skóg með tveimur huskörlum bónda og grisjuðum við á 10 hesta, að við heldum. Var svona á takmörkuð að það væri hægt, svo var snjórinn mikill.

16. nóv. föstudagur.

Fór ég út að Hjálmsstöðum. Snjóaði allan þennan dag og þar með útséð um að meira yrði gert að skógarhöggi að sinni. Vildi ég og fara að komast á burt, áður en allt yrði ófært.

17. nóv. laugardagur.

Fékk ég loksins undir hestana. Hjálpuðust þeir að því Páll og Sigurður Ingvarsson. Lagði Páll til skeifurnar gegn því að ég sendi honum einn gang af skaflaskeifum, þegar suður kæmi, en Sigurður fór í smíðju, eldaði þar og skerpti. Var niðursetan á Hjálmsstöðum þennan dag og þeir sannátta mér Böðvar og Ingvar á Hólum.

18. nóv. sunnudagur.

Sendi ég eftir hestunum út að Laugarvatni, en þar höfðu þeir, verið síðan ég kom. Hafði Böðvar engin mannarád til þess að járna þá. Hjálpuðu þeir mér svo til þess að koma undir þá, Páll og Sveinbjörn á Snorrastöðum. Var ég svo á Hjálmsstöðum nóttina og beið eftir bréfum, sem Páll þurfti að skrifa og senda með mér suður.

19. nóv. mánudagur.

Fór ég út að Laugarvatni og ætlaði fram að Borg, en Böðvar vildi endilega að ég yrði nóttina og varð það úr. Kom okkur saman um að semja ekki umsóknina að sinni heldur skyldi ég þegar ég væri búinn að tala við Skógræktarstjórnann, senda Böðvari skjal, svo að hann sæi hvernig umsóknin ætti að orðast.

20. nóv. þriðjudagur.

Hélt ég þá alfarinn úr Laugardal og fram að Kibjabergi, þar var ég nóttina. Var snjórinn minni þegar fram eftir kom og autt að sjá fram um Flóa.

21. nóv. miðvikudagur.

Frá Kibjabergi símaði ég austur að Hemlu og sagði Ágúst mér að báða hestana ætlaði Guðni að taka og þyrfti ég því ekki annað en kom þeim t.d. austur að Garðsauka, þá skyldi hann ná þeim, ef ég léti sig vita. Sömuleiðis símaði ég til Jóns Gunnlaugssonar í Stjórnarráðinu til að spyrja um komu mína og láta hana vita að nú væri ég bráðum væntanlegur. Hélt ég svo yfir ána á ís og austur að Þjórsá. Þar átti að vera fundur daginn eftir og líklegt að ég fengi þaðan ferð með hestana, sömuleiðis að ég gæti komist í bíl út að Ölfusá, en þaðan voru sagðar næstum daglegar ferðir suður. Var ég svo hjá Ólafi Ísleifssyni nóttina, en þangað komu þegar umkveldið nokkrir fundarmanna og þar á meðal Björgvin sýslumaður og Píll sonur hans, er lofuðu að taka af mér hestana austur þegar þeir færu.

22. nóv. fimmtudagur.

~~Þá komu þeir~~ Fjölmenni mikið var samankomið og stóð fundur þessi fram á kvöld. En enga ferð fékk ég út úr, frétti hinsvegar að von væri á 4 bifreiðum austur á Rangárvelli daginn eftir og því líklegt að ég komist með einhverri þeirra suður. Var ég svo nóttina.

23. föstudagur.

Tók Páll Björgvinsson hestana, en ég símaði til Ágústs á Hemlu og ætlaði hann að sækja þá upp yfir á. Um kveldið komst ég í bíl sem suður fór. Frá Ölfusá símaði ég (sendi skeyti) konu minni að ég væri væntanlegur um nóttina, og náði ég suður laust eftir miðnætti. Var þá ferð þessari lokið og var mér sannast að segja mál á því að komast heim. Hafði ég þá verið að heiman samtals 46 daga. Og var þar með lokið ferðum mínum á þessu ári.

Reykjavík 14. jan. 1924

Einar E. Samundsen.